

Menningarstefna sveitarfélagsins Hornafjarðar

2016 - 2026

Menningarstefna sú sem er í gildi er frá árinu 2007 og gildir til ársins 2017. Núverandi menningarmálanefnd telur nauðsynlegt að uppfæra stefnuna þar sem tímarnir hafa breyst og miklar breytingar orðið í samfélaginu sem og í starfsemi safnanna. Skortur á sýninga- og geymslurýmum er helsti vandinn sem söfnin standa frammi fyrir í dag. Söfnin innan Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar starfa eftir safnalögum frá árinu 2013 og þjóðminjalögum frá 2012. Menningarmiðstöð hefur sína eigin stofnskrá og starfar eftir henni. Sveitarfélag er sett saman úr mörgum ólíkum menningarþáttum og er markmið stefnunnar að leiða öflugt menningarstarf í samstarfi við íbúa sveitarfélagsins.

Í samfélagi okkar og í þessari stefnu er farið í skrefum í átt til framtíðar í menningarmálum. En eins og staðan er í dag þarf að koma festu á þá þræði sem vinna þarf eftir og hvernig einu sveitarfélagi á að vera kleift að hlúa að menningu án þess að taka yfir þáttinn heldur einnig að leyfa hinum skapandi einstaklingi að njóta sín. Hlúa þarf að menningu í heild sinni, horfa til þess sem kemur sveitafélaginu til góða. Öflug og fjölbreytt menning styður samfélagið okkar og gerir þeim sem hafa í hyggju að flytja til okkar auðveldara með að taka ákvörðun um hvar þeir vilja setjast að. Gott og gefandi menningarstarf getur myndað stolt í hjörtum íbúanna sem leiðir til aukinna lífsgæða.

Kristín Gestsdóttir, formaður

Menningarmálanefndar Hornafjarðar

Meginmarkmið

Stefnan skal vera aðgengileg sem verkfæri. Skyld er að endurskoða stefnuna á hverju ári

Eftirfarandi er lagt til grundvallar:

- Að efla menningarstarf í sveitarfélaginu Hornafirði
- varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins
- styðja við menningartengda ferðapjónustu
- styðja við menningarstarfsemi einstaklinga og frjálsra félaga
- bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar
- hlúa að þjónustuhlutverki og menningarstarfsemi Menningarmiðstöðvar
- hvetja til samstarfs á sviði menningarmála
- styðja við starfsemi listamanna í sveitarfélaginu
- styðja við og efla fjölmenningu innan sveitafélagsins
- eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir sveitarfélagsins
- vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Sveitarfélagið Hornafjörður eigi áfram hlut að samningi við ráðuneyti málaflokksins og Sveitarfélaga á Suðurlandi.
- félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt menningarstarf

Menningarstefna sveitarfélagsins Hornafjarðar

2016 - 2026

Stjórnsýsla menningarmála

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer með yfirstjórn menningarmála í sýslunni. Þar líkt og annarstaðar er unnið eftir reglugerðum og lögum um menningarmál á svæðinu. Bæjarstjórn skipar nefndarmenn samkvæmt sveitarstjórnarlögum í menningarmálanefnd sem sér um að stefnu í menningarmálum sé framfylgt. Starfmaður málaflokksins er forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar .

Leiðir og markmið

Fagleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi í því að efla menningu innan svæðisins og styrkja þannig ímynd sveitarfélagsins. Þetta verði gert með því að:

- fjárhagsáætlanir séu raunhæfar og í samræmi við fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins sveitarfélagsins
- vera virk í eftirliti með áætlanagerð og meti árangur í samræmi við áætlanir
- vinna markvisst að því að endurnýja og uppfæra samþykktir og samninga um menningarmál
- efla samskipti stofnanna, fyrirtækja og félaga á menningarsviði sem og samstarf við önnur sveitarfélög

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar falla bókasafn, Listasafn Svavars Guðnasonar, héraðskjallasafn, byggða og náttúrugripasafn og rannsóknardeild/fornleifaskráning

Framtíðarsýn menningarstefnunnar tekur á húsnæðismálum safnanna og varðveislu muna en þau eru að:

- að byggja /útvega nýtt sýningarhúsnæði fyrir söfnin
- sjá til þess að safnakostur verði varðveittur samkvæmt reglugerðum við bestu fánlegar aðstæður
- safngripum verði á meðan á byggingu stendur fundin geymslustaður við hæfi
- rannsóknarstörf á vegum safnanna verði framhaldið



Menningarstefna sveitarfélagsins Hornafjarðar

2016 - 2026

Tónlist:

Tónlist hefur löngum skipað stóran sess í samfélagi okkar. Sveitarfélagið með Tónskóla Austur - Skaftafellsýslu hefur staðið fyrir tónlistarmenntun á svæðinu. Fullmenntaðir einstaklingar, tónskáld og listamenn hafa sótt til staðarins til að semja og fá innblástur af náttúrunni í tónverk sín. Einnig hefur sú hefð skapast að margir kórar starfa hér með miklum blóma. Tónleikahald hefur verið ríkur liður í allri menningastarfssemi sveitarfélagsins.

að því verði stefnt að:

- styðja við tónlistarmenntun
- styðja áfram við starfsemi kóra, tónlistarhópa og tónlistarhátíða í Sveitarfélaginu
- treysta grundvöll Tónlistarskóla Austur – Skaftafellsýslu
- geta boðið áfram upp á góða aðstöðu til tónlistarflutnings

Myndlist

Hornfirskir listmálarar hafa löngum sótt innblástur í náttúru Hornafjarðar. Í listasafni Svavars Guðnasonar eru verk Svavars höfð í fyrirrúmi en safnið er einnig nýtt fyrir aðrar listsýningar.

Nauðsynlegt er fyrir samfélagið að viðhalda verkum eldri málara en hlúa einnig að listamönnum nútímans.

Því er stefnt að því að:

- ungir listmálarar fái aðstöðu við sköpunarverk sín sem og aðrir listamenn sem tengjast svæðinu
- að leggja til sýningaraðstöðu til þeirra sem eftir því sækjast

- leggja áherslu á fræðslugildi listasafns Svavars Guðnasonar í tengslum við málverkæign sveitarfélagsins

Ritlist

Ritlist er stór hluti af menningu og vinna þarf markvisst með sögur úr héraði sem skráðar hafa verið og styðja við útgáfu verka. Einnig þarf að huga að skáldverkum og ljóðagerð þannig að það sé hvetjandi að gefa út bækur. Því skal stefnt að því að:

- styðja við ritun og lestur í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskólanum með því að efna til hátíða með ljóða og smásögukeppni á degi íslenskar tungu.
- vinna með texta Hornfirskra skálda á bókasafni
- hvetja til námskeiðahalds
- lestur verði íþrótt



Menningarstefna sveitarfélagsins Hornafjarðar

2016 - 2026



Leiklist

Leiklist á sér langa sögu í sveitarfélaginu, sett voru upp leikrit í hverju samkomuhúsi gömlu hreppana. Breytingar í samfélaginu hafa leitt til þess að eina starfandi leikfélag innan sveitarfélagsins starfar með Framhaldskólanum í Austur Skaftafellssýslu. Sett hefur verið upp eitt leikverk á ári í þeirri samvinnu. Leiklist er einnig kennd í grunnskóla Hornafjarðar. Þannig viðhelst það starf sem leiklistin hefur átt í byggðalaginu. Leiklistarstarf má styrkja og bæta með því að:

- viðhalda aðstöðu leikfélags í Mánagarði
- styðja áfram við sýningarhald
- hvetja til uppsetninga á leikverkum

Handverk og hönnun

Á Hornafirði er gróska í handverki, og einnig eru starfandi hönnuðir í mörgum greinum. Hvetja þarf til almennrar þátttöku og kynna það að handverk er fyrir alla. Nýsköpun í þessum geira er komin til með FAB LAB í Vöruhúsi.

Því er stefnt að því að:

- Hvetja til nýsköpunar í handverki
- hlúa að handverksstarfsemi með staðbundin efni í huga
- styðja við listmunamarkað og hönnun með aðstöðu í FAB LAB
- Nýta þá þekkingu sem þegar er til staðar til áframhaldandi uppbyggingar

Kvikmyndagerð

Hornafjörður hefur verið undanfarin ár vettvangur kvikmyndagerðar bæði innlendra og erlendra. Á undanförunum árum hafa komið fram kvikmyndagerðamenn sem eiga rætur sínar að rekja til Hornafjarðar. Þeir hafa verið óhræddir að nýta sér náttúruna í sínar kvikmyndir. Það hefur borið hróður sveitarfélagsins um allan heim.

Því skal stefnt að:

- halda áfram stuðningi við iðnaðinn
- hvetja til kvikmyndagerðar í skólum sveitarfélagsins
- styðja við bakið á nýgræðingum
- halda stuttmyndahátíð með hornfirskum listamönnum

Viðburðir

Viðburðamenning er mikil í Sveitarfélaginu Hornafirði og eru árlegir viðburðir fastur liður í samfélaginu

Skal því stefnt að :

Menningarstefna sveitarfélagsins Hornafjarðar

2016 - 2026

- halda áfram þeim stuðningi sem veittur hefur verið
- halda úti viðburðardagskrá sem er öllum sýnileg
- Sú þekking sem verður til við vinnu og skipulag viðburða á vegum sveitarfélagsins verði færð í fundargerðir og þannig gerð aðgengileg

Menningarstyrkir

Árlega hafa verið veittir styrkir til menningastarfs í Sveitarfélaginu Hornafirði. Frjáls félagasamtök hafa þegið styrki til að viðhalda starfssemi sinni. Til að hvetja til áframhaldandi starfa og nýsköpunar á þessu sviði liggur fyrir að stofna þurfi sjóð sem sótt er um í af einstaklingum eða félögum til að fjármagna listsköpun í samfélaginu.

Áfram verði veittir verði rekstrarstyrkir til félagasamtaka en sótt verði í annan sjóð hvað varðar nýsköpun í listum. Því skal stefnt að:

- veita frjálsum félögum árlega menningarstyrki samkvæmt reglugerð þar um
- leggja niður Listvinasjóð í núverandi mynd og fella hann undir nýjan menningarsjóð
- Hafa hluta sjóðsins til umsóknar fyrir sérstök verkefni og nýsköpun

Menningarverðlaun Hornafjarðar

Menningarmálanefnd úthlutar árlega menningarverðlaunum til einstaklinga eða félaga á sviði lista sem hafa komið fram með eftirtektarvert framtak á nýliðnu ári.

Menningarverðlaunin eru veitt samkvæmt reglum sem samþykktar voru í bæjarstjórn 6. janúar 1999. Hvað varðar menningarverðlaun skal stefnt að því að:

- veita þau árlega til þeirra sem teljast hafa skarað fram úr á sviði lista á árinu.
- kanna fjármögnun verðlaunasjóðs þar sem hægt er að veita einstaklingi eða félagi fjármagn ásamt heiðurskjali
- gera það eftirsóknarvert hljóta menningarverðlaun Hornafjarðar

Lokaorð

Menningarstefna Hornafjarðar var unnin af Menningarmálanefnd veturinn 2015 – 2016, hún hefur verið yfirfarin af nefndum bæjarins. Allar athugasemdir voru vel þegnar og tekið tillit til þeirra. Það er okkar von að í framtíðinni muni komandi menningamálanefndir vinna eftir þessu plaggi og endurskoða það árlega.

